


1.Hæð

Grunnmynd 1:100




Tómstundarými/geymslurými

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
03. okt. 2018
Byggingarfulltrúi

**BYGGINGARLÝSING**

Húsið er byggð úr krosslímdum timbureiningum (CLT) og hvíla á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu eru timburþak (CLT) einangruð með að ofan og með þakpappa. Innveggir eru úr krosslímdum timbureiningum, oftast klæddum með raflagnagrind og gipsi.

ÞAK: Þak er gert úr 150mm krosslímdum timbureiningum (CLT) sem hvíla á CLT útveggjum og límtrésbitum. Ofan á þak koma 250mm sperrur, á milli þeirra 225mm þakull og klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur soðin pappaklæðning. Loftun þaksins er um 2x40mm loftunarrör m. neti í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á þakplötur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 20 gráður.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru úr 100mm krosslímdum einingum (CLT), einangraðir að utan með 100mm steinull, klæddir með krossvið og litaðri álklæðningu og vandaðri olíubornni timburklæðningu. Innan á timburvegg kemur ýmist rakavarnarlag, raflagnagrind og klæðning úr krossvið og gipsi, eða að veggir eru með sýnilegu yfirborði. Ytra útlit er annars vegar hvít álklæðning, og hins vegar vönduð olíuborin timburklæðning og bandsöguð svartmáluð klæðning.

GLUGGAR. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil. Í gluggunum þar sem fallhæð utan við glugga er 2.0m eða meiri og neðri brún glers nær gólfi en 0.6m skal glerið í glugganum vera samlímt öryggisgler. Lýsing á gluggum á líka við um frágang á útidyrum. Bréfalúga við útidyr verður í 1.0m hæð frá gólfi.

STIGAR OG HANDRIÐ. Innihandrið verða 1.0m há stálhandrið (0.9m handrið stiga). Útihandrið verða 1.1m há stálhandrið, en 0.9m handrið verða við útitröppur. Frágangur stiga og handriða verði í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökklar og gólfplötur eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 100mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru úr krosslímdum timbureiningum, ýmist óklæddum eða með raflagnagrind klæddri gipsi. Vegg- og loftklæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í hjólageymslu. Veggofnar verða í húsunum, en gólfhitalagnir í votrýmum. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúða, þ.e. snyrtingum og þvottahúsum. Hiti á neysluvatni skal ekki vera hærri en 65°C við vaska (á töppunarstað) skv. staðli ÍST-2003.

LOFTRÆSTING RÝMA. Öll rými íbúða skulu loftræst í samræmi við gr.10.2.5 í byggingarreglugerð. Loftræsting skal henta viðkomandi rými þannig að magn ferslofts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettun útilofts. Útsog skal vera í eldhúsum, baðherbergjum, snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegn um önnur rými hússins.

ELDSTÆÐI. Varðandi frágang á eldstæðum og reykháfum er vísað til 192 gr. og 193 gr. Byggingareglugerðar. Einnig er vísað til leiðbeininga Brunamálastofnunnar ríkisins og Rb blaðs um frágang eldstæða.

BRUNAVARNIR. ÍBÚÐ ER HÓLFAÐAR AF MEÐ EI-90 veggjum með vegg-og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingareglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐAFRÁGANGUR. frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðallyggjandi lóða. Á lóðinni eru stæði fyrir 5 bifreiðar.

ALGILD HÖNNUN. Húsið uppfylllir ekki kröfur um algilda hönnun, en við hönnun þeirra var það haft að leiðarljósi að auðvelt væri að breyta innra skipulagi þannig að þær uppfylli þessar kröfur.

FRÁVEITA. Fráveitu er veitt í rotþró sem tengist siturlögn. Frágangur samkvæmt leiðbeiningum UST 2. útgáfa, UST 2004:03

Gólfkódi settur inn á teikningu til skýringar.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

| | |
|---|---|
| verk: | **Rimar 7** |
| efni: | **Grunnmynd 1. hæð og tómstundar/geymslurými á 2. hæð** |
| staðgreinir: | 8722-5-68000070 |
| landnúmer: | L212350 |
| verkkaupi: | G.Karol Axelsdóttir |
| kt. verkkaupa: | 201065-3569 |

6388-18

| | | | |
|---|---|---|---|
| mælikvarði: | 1:100 | Skráarheiti: | |
| frumstærð blaðs: | A2 | verknr: | 15-002 |
| teiknað: | SR | dagsetn.útgáfu: | 27.9.2018 |
| yfirfarið: | RK | endurskoðað: | |

Síðumúla 1 108 Reykjavík S: 5176300 kt:530106-1360

Reynir Kristjánsson byggingafræðingur
kt: 100361-4779

VERKSÝN

Aðaluppdráttur 2 af 3 **A-102**

Teikning þessi er útgefin af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundarréttar, Verksýn ehf.
Teikningu þessa má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis höfundar.